

Bíkar Stöðlinn



VÍS-BIKARINN Í LAUGARDALSHÖLLINNI FEBRÚAR 2026



Dan Hólar



ÁFRAM TINDASTÓLL FULLA FERÐ!



www.slippurinndng.is



DAGUR ÞÓR BALDVINSSON
formaður körfuknattleiksdeildar TINDASTÓLS

Kæra Tindastólsfólk

Mikið óskaplega er skemmtilegt að vera í Tindastól! Við höfum fagnað mikilli velgengi undanfarin ár og umgjörðin sem við sköpum saman á stórum leikjum er löngu orðin landsþekkt. Þegar velgengi eykst, aukast gjarnan kröfurnar og okkur hættir til að gleyma að staldra við og þakka fyrir þau miklu forréttindi sem það eru að taka þátt í þessu skemmtilega ævintýri.

Í fyrsta sinn í sögu Tindastóls hafa bæði karla- og kvennaliðin tryggt sér sæti í undanúrslitum bikarkeppninnar. Þetta er árangur sem næst ekki nema með mikilli vinnu, fórnun og óbilandi trú. En árangur á vellinum er aðeins hálf sagan. Hin hálfa sagan skrifast hér heima í samfélaginu okkar. Við sem myndum kjarna liðanna – leikmenn, þjálfarar, stjórn og sjálfboðaliðar – finnum fyrir þeim mikla krafti og áhuga sem fylgir velgengi. Við elskum ástríðuna ykkar. Við elskum lætin í stúkunni og hvernig bærinn titrar af tilhlökkun þegar stóru leikirnir nálgast. Samstaða er okkar dýrmætasta vopn. Ef við ætlum að sækja þessa bikara, þá gerum við það sem ein heild. Verum það samfélag sem fagnar sigrum saman, en stendur enn þéttar saman þegar á móti blæs. Hlökkum til að sjá ykkur öll í höllinni, full af jákvæðni og krafti!

Dagur Þór Baldvinsson, formaður kkd. Tindastóls.



Stjórn KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDSTÓLS

Dagur Þór Baldvinsson
Formaður | karfa@tindastoll.is
Óttar Ásbjörnsson
Varaformaður
Ingi Björgvin Kristjánsson
Gjaldkeri
Freyja Rut Emilsdóttir
Ritari

Ari Freyr Ólafsson
Dagbjört Rós Hermundsdóttir
Einar Ólafsson
Elvar Örn Birgisson
Eypór Dalmann Sigurðsson
Indriði R. Grétarsson
Sveinn Pálmason
Meðstjórnendur / Varamenn

FORSVARSMÁÐUR YNGRI FLOKKA:
Thelma Knútsdóttir
karfa-unglingarad@tindastoll.is

HEIMASÍÐA:
tindastoll.is/korfubolti
FACEBOOK:
Körfuknattleiksdeild Tindastóls
INSTAGRAM:
tindastollkarfa

BIKARBÆKLINGUR KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR TINDASTÓLS 2026

ÚTGEFANDI: Körfuknattleiksdeild Tindastóls og Nýprent ehf.

ÁBYRGÐARMAÐUR: Dagur Þór Baldvinsson.

UMSJÓN: Freyja Rut Emilsdóttir.

AUGLÝSINGAR: Dagur Þór Baldvinsson.

FORSÍÐUMYND OG AÐRAR MYNDIR:

Davíð Már Sigurðss. Hjalti Árna og o.fl.

UMBROT OG PRENTUN: Nýprent ehf. *01/2026

UPP UPP OG ÁFRAM
TINDASTÓLL



UPPSTEYPA ehf.





Skagafjörður

ÁFRAM TINDASTÓLL



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

vellíðan fyrir alla



Bikarsaga meistaraflokks karla

Fyrsti formlegi leikur körfuknattleiksliðs Tindastóls var gegn Ungmennasambandi Vestur-Húnavatnssýslu í bikarkeppni Körfuknattleikssambands Íslands í ágúst 1965. Var þetta í fyrsta skipti sem bikarkeppni KKÍ var haldin. Leikið var í íþróttahúsi Reykjaskóla í Hrótafirð þar sem heimaliðið fór með sigur af hólmi 55-38. Leifur Ragnarsson og Sveinn Sígfússon voru stigahæstir í liði Tindastóls með átta stig hvor.

Leikurinn gegn KR 3. febrúar næstkomandi verður þrettándi leikur Meistaraflokks Tindastóls í undanúrslitum bikarkeppni karla. Fyrsti leikurinn í undanúrslitum var árið 1967 gegn 1. flokki KR, en lið úr efstu deild tóku ekki þátt í bikarkeppninni á upphafsárum hennar. KR sigruðu í þessum fyrsta undanúrslitaleik Tindastóls. Kom það leikmönnum Tindastóls í opna skjöldu þegar KR-ingar hófu að leika maður á mann vörn í stað svæðisvarnar sem tíðkaðist að mestu á þessum árum. Síðan liðu 26 ár þar til Tindastóll komst aftur í undanúrslit árið 1993 og mátti sætta sig við tap gegn Snæfelli í Stykkishólmi. Árið 1999 komst Keflavík í úrslitaleik bikarkeppinnar eftir sigur á Tindastól og sama leik léku Njarðvíkingar árið 2002. En frá árinu 2011 hefur Tindastóll komist reglulega í undanúrslit eða níu sinnum. Þrisvar hefur meistaraflokkur karla leikið til úrslita. Tvisvar hefur Tindastóll mátt þola tap gegn Keflvíkum í úrslitaleik í Laugardalshöll, í fyrra skiptið árið 2012 og það síðara árið 2024. Einu sinni hefur lið Tindastóls hampað bikarmeistaratitlinum eftir frækilegan sigur gegn KR árið 2018.



Í efri röð frá vinstri: Óli Jón Gunnarsson, Þórarinn Guðmundsson, Sveinn Sígfússon, Ólafur Helgi Jóhannsson og Björn Ottósson. Neðri röð til vinstri: Helgi Rafn Traustason, Pálmi Sighvatn og Ingimundur Ingimundarson.



13. janúar 2018 verður lengi í minnum hafður hjá Tindastólmönnum því þá vann lið Tindastóls sinn fyrsta stóra titil í körfuboltanum með því að sigra lið KR af fádæma öryggi í Maltbíkarnum.
Myndir: Hjalti Árna.



Bikarleikir meistaraflokks karla

1965	USVH-Tindastóll	55-38	2008	Tindastóll-Keflavík	94-105
1966	USVH-Tindastóll	??-??	2009	KFÍ-Tindastóll	87-92
1967	Tindastóll-KA	31-25	2009	ÍR-Tindastóll	69-56
1967	KR-Tindastóll	68-31 Undanúrslit	2010	Valur b-Tindastóll	68-84
1978	Keflavík-Tindastóll	2-0	2010	Laugdæfir-Tindastóll	72-88
1982	Tindastóll-ÍA	67-61	2010	Tindastóll-Grindavík	86-96
1982	Tindastóll-Keflavík	Keflavík vann	2011	Breiðablik-Tindastóll	49-78
1987	ÍS-Tindastóll	70-71	2011	Keflavík-Tindastóll	78-95
1987	Þór Ak-Tindastóll	110-101	2011	Tindastóll-Skallagr.	72-48
1988	Tindastóll-Haukar	75-91	2011	KR-Tindastóll	81-69 Undanúrslit
1988	Haukar-Tindastóll	92-56	2012	Álftanes-Tindastóll	51-90
1989	Tindastóll-ÍS	102-63	2012	Tindastóll-Þór Þ	78-76
1989	ÍS-Tindastóll	67-77	2012	Tindastóll-Njarðvík	94-83
1989	KR-Tindastóll	81-68	2012	Tindastóll-KR	89-86 Undanúrslit
1989	Tindastóll-KR	91-81	2012	Keflavík-Tindastóll	97-95 Úrslit
1990	Tindastóll-Þór Ak	92-80	2013	Tindastóll-Snæfell	67-82
1990	Þór Ak-Tindastóll	85-55	2014	KV-Tindastóll	83-130
1991	Njarðvík-Tindastóll	96-94	2014	Tindastóll-Reynir S	130-62
1992	Valur-Tindastóll	75-71	2014	Fjölnir-Tindastóll	7176
1993	Tindastóll-Grindavík	95-79	2014	Tindastóll-ÍR	79-87 Undanúrslit
1993	Tindastóll-Njarðvík	98-93	2015	ÍG-Tindastóll	72-99
1993	Snæfell-Tindastóll	76-64 Undanúrslit	2015	Tindastóll-Grindavík	110-92
1994	Tindastóll-Breiðablik	79-75	2015	Snæfell-Tindastóll	70-83
1994	Tindastóll-Grindavík	73-83	2015	KR-Tindastóll	88-80 Undanúrslit
1995	Tindastóll-KFÍ	86-80	2016	Njarðvík-Tindastóll	66-63
1995	Tindastóll-Keflavík	83-87	2017	KR b-Tindastóll	63-101
1996	Grindavík-Tindastóll	100-75	2017	Þór Ak-Tindastóll	93-81
1997	Grindavík-Tindastóll	101-90	2018	Tindastóll-Þór Þ	84-76
1998	KFÍ-Tindastóll	89-67	2018	Valur-Tindastóll	70-104
1999	Stafholtst.-Tindastóll	52-99	2018	Tindastóll ÍR	78-74
1999	Tindastóll-KR	90-71	2018	Haukar-Tindastóll	75-85 Undanúrslit
1999	Tindastóll-Stjarnan	93-53	2018	KR-Tindastóll	69-96 Bikarmeistarar
1999	Keflavík-Tindastóll	112-98 Undanúrslit	2019	Reynir S-Tindastóll	26-100
2000	Ármann-Tindastóll	69-115	2019	Tindastóll-Fjölnir	97-71
2000	Tindastóll-Stafholtst.	146-53	2019	Tindastóll-Stjarnan	68-81
2000	Tindastóll-Grindavík	64-73	2020	Selfoss-Tindastóll	68-83
2001	Reynir S-Tindastóll	52-87	2020	Tindastóll-Álftanes	91-55
2001	Hamar-Tindastóll	81-78	2020	Tindastóll-Þór Ak	99-69
2002	Smári-Tindastóll	55-127	2020	Tindastóll-Stjarnan	70-98 Undanúrslit
2002	Stjarnan-Tindastóll	68-83	2021	Tindastóll-Álftanes	100-70
2002	Tindastóll-Keflavík	102-91	2021	Tindastóll-Keflavík	84-67
2002	Njarðvík-Tindastóll	86-66 Undanúrslit	2021	Stjarnan-Tindastóll	86-81 Undanúrslit
2003	Selfoss-Tindastóll	62-97	2022	Skallagr.-Tindastóll	61-112
2003	Tindastóll-Höttur	87-69	2022	Tindastóll-Stjarnan	78-79
2003	Snæfell-Tindastóll	78-74	2023	Tindastóll-Haukar	88-71 Tapað á kærui
2004	Þór Ak-Tindastóll	86-112	2024	ÍR-Tindastóll	64-94
2004	Grundarfj.-Tindastóll	73-120	2024	Breiðablik-Tindastóll	81-89
2004	Tindastóll-Snæfell	87-88	2024	Tindastóll-KR	83-60
2005	Reynir S-Tindastóll	71-118	2024	Tindastóll-Álftanes	90-72 Undanúrslit
2005	Hamar-Tindastóll	96-70	2024	Tindastóll-Keflavík	79-92 Úrslit
2006	Sindri-Tindastóll	73-108	2025	ÍA-Tindastóll	81-107
2006	Tindastóll-Keflavík	67-89	2025	Keflavík-Tindastóll	81-70
2007	Breiðablik-Tindastóll	82-98	2026	Höttur-Tindastóll	97-125
2007	Tindastóll-KR	86-94	2026	Tindastóll-Hamar	125-66
2008	Breiðablik-Tindastóll	80-84	2026	Snæfell-Tindastóll	98-115
			2026	Tindastóll-KR	Undanúrslit

LJÓMANDI ÁVAXTAKRAFTAR

EFTIR ÆFINGU



SÍVINSÆL HEFÐ MEÐ NÚTÍMAFORSKOTI





1 | **DEDRICK DEON
BASILE '94**
Bakvörður > 177 sm



4 | **HALLUR ATLI
HELGASON '09**
Bakvörður > 185 sm



5 | **TAIWO HASSAN
BADMUS '93**
Framherji > 200 sm



6 **SIGTRYGGUR ARNAR
BJÖRNSSON '93**
Bakvörður > 180 sm



7 **PÉTUR RÚNAR
BIRGISSON '96**
Bakvörður > 186 sm



8

**VÍÐIR ELÍS
ARNARSSON '07**
Bakvörður > 191 sm

11

**DAVIS
GEKS '95**
Bakvörður > 192 sm

12

**VIÐAR
ÁGÚSTSSON '96**
Bakvörður > 188 sm



13

**SÆPÓR PÉTUR
HJALTASON '07**
Framherji > 192 sm

15

**ADOMAS
DRUNGILAS '90**
Miðherji > 206 sm

21

**JÚLÍUS ORRI
ÁGÚSTSSON '01**
Bakvörður > 194 sm



23

IVAN
GAVRILOVIC '96
Framherji > 205 sm

34

RAGNAR
ÁGÚSTSSON '01
Framherji > 194 sm

35

HANNES INGI
MÁSSON '96
Framherji > 194 sm

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— **Höldur** —

Europcar

Pínar þarfir - okkar þjónusta

Áfram Tindastóll



Bílaleigubílar heima og erlendis
Aðalnúmer 461 6000 • www.holdur.is



Sjálfboðaliði og stuðningsmaður '25

Krafturinn í félaginu okkar liggur hjá fólkinu sem stendur á bak við það – þeim sem mæta þegar enginn sér til og þeim sem láta í sér heyra þegar mikið liggur við. Á fyrsta leik nýs árs voru heiðraðir tveir einstaklingar sem hafa lagt mikið af mörkum til félagsins.

Sjálfboðaliði ársins: Sigurður Frostason

Siggi Frosta er alltaf boðinn og búinn til að vinna hvert það verkefni sem þörf er á, sýnilegt eða ósýnilegt. Ef Siggi er heima, þá er hann mættur. Hann er maðurinn sem sér til þess að leikmenn komist á leiðarenda, hvort sem það er að skutla okkar fólki á flugvöll eða sækja gestalið og ferja þau um allan fjörð. En það stoppar ekki þar. Siggi mætir í gluggaþvott, hann mætir í dósatalningu, hann mætir að setja upp fyrir leiki og hann er síðastur út úr húsi eftir allan frágang. Siggi, þín fórnfýsi og vilji til að aðstoða félagið á hvaða hátt sem er, er ómetanlegur. Við þökkum þér innilega fyrir allt sem þú gerir.

Stuðningsmaður ársins: Þórólfur Óli Aadnegard

Sá sem gefur leiknum taktinn. Stuðningsmaður ársins er að sjálfsgöðu Þórólfur Óli Aadnegard. Það skiptir engu máli hvort stúkan er þéttskipuð eða hvort það eru fáir mættir – Óli er alltaf mættur á trommuna. Hann hefur verið fremstur í flokki stuðningsmanna í áratugi og gefst aldrei upp. Hans tryggh og kraftur smitar út frá sér til leikmanna og okkar allra. Óli, takk fyrir að vera hjartað í stúkunni og fyrir að halda uppi merkjum félagsins með glæsibrag í öll þessi ár.



Óli, Dallí og Siggi á fyrsta leik ársins 2026 í Síkinu. Myndina tók Davíð Már.

ÁFRAM TINDASTÓLL



teni.is



HLYNUR FREYR EINARSSON

Aðstoðarþjálfari kvennaliðs Tindastóls

Bónus deildin er mun sterkari í ár

Eftirvæntingin er mikil í bænum nú þegar bæði liðin okkar eru komin í undanúrslit bikarsins.

Við ræddum við Hlyn Frey, aðstoðarþjálfara meistarflokks kvenna um liðið, undirbúninginn, hans reynslu og bikarleikina framundan.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi?

Dagarnir eru ansi fjölbreyttir og fer það svolítið eftir hvað er framundan í hverri viku. Venjulegur dagur væri kannski að vinna aðeins um morguninn hvort sem það væri upp á golfvelli eða í einhverju scouting, svo taka við æfingar eftir hádegi en vanalega er ég með 2-3 æfingar á dag.

Hvernig finnst þér deildin hafa spilast hingað til?

Deildin er ótrúlega skemmtileg í ár og finnst mér hún verða sterkari með hverju árinu. Við hefðum auðvitað viljað vera komin með fleiri sigra, en við erum á fínun stað og ætlum okkur að fara langt.

Hver er eftirminnilegasta stundin þín á körfuboltavellinum, sem leikmaður? En sem þjálfari?

Eftirminnilegasta stundin sem leikmaður er þegar við urðum Íslandsmeistarar í unglingaflokki með Tindastól. Frábært hópur af strákum sem að Martin einmitt þjáfaði.

Sem þjálfari þá myndi ég segja að þegar að eg var hjá Þór Ak og við fórum alla leið í úrslit í bikarnum.

Nú er bikarinn sérstakt mót þar sem allt getur gerst í einum leik. Hvernig undirbúið þið liðið andlega fyrir þá pressu sem fylgir því að spila í undanúrslitum?

Nú finnst mér fyrst og fremst forréttindi að fá að taka þátt í þessari bikarviku og aðeins 4 lið sem gera það svo við verðum að muna að njóta þess líka. Við munum undirbúa okkur vel og með því náum við vonandi að koma smá ró á hópinn, en það er alltaf mikil spennan sem fylgir svona leikjum.

Við erum með skemmtilega blöndu af reynslumiklum leikmönnum og svo yngri leikmönnum, ég efast ekki um það að þær haldi áfram að deila sinni reynslu og hópurinn standi saman.



Ef þú horfir á leikina sem hafa fleytt ykkur svona langt, hver er mikilvægasti lærdómurinn sem liðið tekur með sér inn í úrslitavikuna?

Við höfum spilað vel í bikarnum og náð að halda fókus á því sem að við viljum gera, svo hafa komið leikir í deild sem að sá fókus hefur ekki verið til staðar. Vonandi núna þegar að liða fer á seinnipart tímabilsins náum við að tengja saman fleiri góða leiki þar sem að orkustig og fókus verður réttur.

Finnst þér þægilegra að mæta í leiki þegar fólk býst kannski ekki við sigri, eða finnurðu fyrir mikilli pressu frá bæjarbúum?

Það getur verið "þægilegt" að koma inn sem underdog í svona leiki ef við náum að nýta okkur pressu leysi og spila okkar bolta, ég get ekki sagt að ég finni fyrir mikilli pressu frá bæjarbúum heldur frekar stuðning og vilja að okkur gangi vel.

Áttu þér einhverja þjálfara sem þú lítur upp til, hvort sem er úr körfuboltanum eða öðrum íþróttum?

Ég hef verið svo heppinn að á mínum stutta meistaraflokks þjálfara ferils að ég hef unnið með 2 mjög mismunandi og góðum þjálfurum og lært mikið af þeim, Daníel Andri og Israel Martin. Svo sem leikmaður var ég með allskonar þjálfara og flestir frábærir, sá sem ég hef mikið gaman af er Baldur Þór en hans hugmyndafræði finnst mér skemmtileg.

Það getur verið krefjandi að þjálfra í sínum heimabæ. Hvernig tekst þér að skilja á milli körfuboltans og einkalífsins þegar þú ferð í búðina eða út að ganga?

Sauðárkrókur er mikill körfuboltabær og samfélagið hér einstakt, ég held að það sé voðalega erfitt eða nánast ómögulegt að ætla að fara að skilja þar á milli en það er bara gaman.



Hversu langt telur þú að liðið geti náð næstu 2-3 árin?

Það er mikill metnaður hjá Tindastól um að gera vel og öflugt fólk sem vinnur hörðum höndum svo að klúbburinn nái sem mestum árangri, ég tel þetta lið eiga horfa uppávið og halda áfram í

þeirri vegferð sem við erum.

Hvernig viltu að fólk muni eftir þessu tímabili þegar það lítur til baka eftir tíu ár – óháð því hvort bikarinn fari á loft eða ekki?

Við erum með einstakan hóp af stelpum og mjög góða blöndu af íslenskum og erlendum leikmönnum sem leggja sig alltaf fram og berjast.

Mér finnst virkilega skemmtilegt að þjálfra þennan hóp og vonandi bara að sú gleði og stemning sem er innan þessa hóps nái til áhorfenda.

KÖRFUBOLTAAKADEMÍA FNV

fyrir þau sem vilja ná lengra



Körfuboltaakademía FNV

Fyrir metnaðarfullt íþróttafólk sem vill stunda sína íþrótt af sama metnaði og afreksmenn, samhliða bóknámi, undir leiðsögn úrvals kennara og þjálfara.



ÁFRAM TINDASTÓLL!



3 | **OCEANE
KOUNKOU '98**
Framherji > 178 sm



7 | **BRYNJA LÍF
JÚLÍUSDÓTTIR '07**
Framherji > 182 sm



11 | **EVA RÚN
DAGSDÓTTIR '03**
Bakvörður > 165 sm



12 | **RANNVEIG
GUÐMUNDSDÓTTIR '05**
Miðherji > 190 sm



13 | **MADISON ANNE
SUTTON '98**
Miðherji > 181 sm



15 | **INGA SÓLVEIG
SIGURÐARDÓTTIR '03**
Framherji > 180 sm



16 | **EMMA KATRÍN
HELGADÓTTIR '08**
Bakvörður > 173 sm



20 | **MARTA
HERMIDA '97**
Bakvörður > 173 sm



Flísabúðin



GASTEC



**Við styðjum
körfuknattleiksdeild
Tindastóls**

Stofan
HÁR&VERSLUN

harogverslun.is



ÁGÚST INGI ÁGÚSTSSON

Höfundur

Kvennakarfan á Króknum

Stúlkur voru byrjaðar að æfa körfubolta á vegum Tindastóls árið 1969, þó fyrsti skjalfesti leikurinn sé ekki fyrr en í janúar 1970. Nöfn stúlkna sem síðar léku á þessu tímabili með Tindastóli, má finna í fundargerð stofnfundar körfuknattleiksdeildar Tindastóls frá árinu 1969.

Greinilegt er þegar fundargerð þess fundar er skoðuð, að hugur var í þeim stúlkum sem æfðu körfubolta á vegum félagsins. Á fundinum óskuðu stúlkurnar eftir fleiri æfingum og að leika æfingaleiki við drengi. Í janúar 1970 lék í fyrsta skipti körfuboltalið kvenna undir merkjum Tindastóls þegar 2. flokkur lék við Þór frá Akureyri sem voru ríkjandi Íslandsmeistarar í sama aldursflokki. Leikurinn fór fram í Skemmunni á Akureyri og höfðu Þórsarar nokkra yfirburði í fyrri hálfleik og leiddu 16-2. Þegar lið Tindastóls hafði áttað sig á stærð vallarins, gekk síðari hálfleikurinn mun betur og fór hann 11-10 fyrir Þór. Sýndu stúlkurnar í Tindastóli að þær ættu í fullu tré við jafnöldrur sínar frá Akureyri þegar þær höfðu áttað sig á leikvelli Skemmunnar, en tap var staðreyndin í fyrsta leiknum 27-12. Svo virðist sem kvennakarfan hafi síðan lagst í dvala á Króknum um nokkurt skeið á áttunda áratugnum.

Bylting varð hins vegar í körfuboltaiðkun á Sauðárkróki þegar íþróttahúsið var vígt árið 1986. Aðeins tveimur árum síðar tryggði meistaraflokkur karla sér sæti í úrvalsdeild. Skömmu síðar eða í febrúar 1990 lék meistaraflokkur kvenna sína fyrstu leik. Voru stúlkurnar skráðar í bikarkeppni en lutu í lægra haldi fyrir ÍS-b, en þá voru leiknir tveir leikir í bikarkeppnum. Meistaraflokkur kvenna lék síðan fyrst í efstu deild keppnistímabilið 1992-1993.

Tindastóll tók þátt í bikarkeppni kvenna óslitið frá 1993 til 2001. Fyrsti sigur liðsins í keppninni var árið 1996 gegn ÍA í 16 liða úrslitum en dattu síðan út í næstu umferð gegn ÍS. Næsti sigurleikur í bikarkeppni kom ekki fyrr enn 2003 þegar Tindastóll sigraði KFÍ en tapaði síðan gegn Grindavík í átta liða úrslitum. Á síðasta keppnistímabili komst lið Tindastóls einnig í átta liða úrslit eftir sigur á Selfossi en mátti láta í minni pokann gegn Njarðvík. Árangurinn yfirstandandi keppnistímabils er því sögulegur því meistaraflokkur kvenna hefur aldrei áður komist í undanúrslit bikarsins.

Bikarleikir meistaraflokks kvenna

1990	Tindastóll-ÍS b	28-40	8 liða	2006	Haukar-Tindastóll	20-0	16 liða
1993	Tindastóll-Keflavík	52-66	8 liða	2014	Tindastóll-Snæfell	46-94	16 liða
1994	Grindavík-Tindastóll	62-56	8 liða	2015	Tindastóll-KR	46-87	16 liða
1995	Keflavík-Tindastóll	89-48	16 liða	2019	Tindastóll-Breiðablik	64-107	16 liða
1996	Tindastóll-ÍA	59-56	16 liða	2020	Tindastóll-Haukar	59-126	16 liða
1996	Tindastóll-ÍS b	48-59	8 liða	2021	Stjarnan-Tindastóll	68-43	16 liða
1999	ÍR-Tindastóll	82-40	8 liða	2022	Breiðabli-Tindastóll	111-53	16 liða
2000	Tindastóll-KR	25-85	8 liða	2023	Keflavík-Tindastóll	88-52	16 liða
2001	Tindastóll-Keflavík b	44-56	16 liða	2024	Njarðvík-Tindastóll	89-67	16 liða
2003	KFÍ-Tindastóll	34-35	16 liða	2025	Selfoss-Tindastóll	60-102	16 liða
2003	Tindastóll-Grindavík	52-80	8 liða	2025	Njarðvík-Tindastóll	80-73	8 liða
2005	Laugdæli-Tindastóll	70-57	8 liða	2026	Tindastóll-Þór Ak	83-49	16 liða
				2026	Tindastóll-KR	72-68	8 liða

Rúnar Birgir Gíslason tók saman töfluna.



Úr fyrsta leik meistaraflokk kvenna 1990, bikarleikur gegn ÍS b árið. Myndir: Skjalasafn Skagafjarðar.





Blómlegt yngri flokka starf

Starf unglingaráðs Tindastóls í körfuboltanum hefur farið vel af stað í vetur og eru iðkendur innan deildarinnar hátt í 200 talsins í dag. Starf af þessari stærðargráðu krefst mikillar skipulagningar og samvinnu foreldra, þjálfara og stjórnar. Við hjá unglingaráði erum virkilega þakklát fyrir viðbrögðin sem við höfum fengið og alla þá sjálfbodaliða sem hafa aðstoðað okkur í vetur. Þá erum við virkilega heppin með foreldrahópa hér á svæðinu.

Skipulagt íþróttastarf er ein besta forvörn sem til er. Að vera þátttakandi í skipulögðu íþróttastarfi kennir börnum aga, eflir þau í samvinnu, eykur ábyrgðarkennd og kennir þeim að bera virðingu hvert fyrir öðru. Auk þess eflir skipulagt íþróttastarf líkamlega og andlega heilsu. Innan Tindastóls sjáum við daglega hversu mikilvæg þessi gildi eru og reynum að vinna eftir þeim í okkar starfi.







Áfram Tindastóll!

**Við hvetjum
Tindastól til sigurs**

